

## ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**223. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **4. júlí 2013, kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

### Dagskrá:

1. Erindi: Skipulagsmál, Grettisból ses, deiliskipulag.
2. Erindi: Ægissíða, rífa og fjarlægja sumarhús-trailer.

### Tekið á dagskrá:

3. Erindi: Lækjamót 2-lóð1, umsókn um stækkun lóðar, lnr. 221511.

### Afgreiðslur:

1. Lagt fram erindi Grettistak ses, kt. 510506-1540, dags. 20. júní 2013, þar sem óskað er eftir að tillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis verði tekin fyrir og afgreidd til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga 123/2010. Markmiðið er að skipuleggja útivistarsvæði Grettisbóls sem fjölskyldusvæði þar sem þemað eru þrautir sem tengjast víkingum og Grettissögu. Fundur Byggðarráð nr. 795, dags 1. júlí 2013, vísaði erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs. Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við erindið og samþykkir það fyrir sitt leiti.
2. Gunnar Jóhannesson kt.140347-2649, Grundargötu 51, 350 Grundarfirði, sækir um leyfi til að rífa sumarhús/trailer, sem staðsettur er á Ægissíðu, landnr.144594, sumarbústaður merktur 140101, stærð 31,8 m<sup>2</sup>, staðgr.5508-12-00076000. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið og bendir á að úrgangi skal fargað á löglegan hátt. Vakinn er athygli á að aðeins er heimilt að rífa hús sem eru án veðbanda.

Víglundur vék af fundi kl 17:20.

### Tekið á dagskrá:

3. Bjarni Þór Einarsson kt. 310348-2449 f.h. Lækjamóts, sækir um stækkun lóðar, landnr. 221-1511 úr landi Lækjamóts II, landnr. 218947, skv. uppdrætti nr. LMT1221 C. Á nýju lóðinni byggir nú Miðdegishóll ehf. kt. 610313-0940 reiðhöll og hesthús. Eftir þessa breytingu verður Lækjamót II landnr. 218947, 59.647 m<sup>2</sup>, lóð Miðdegishóls landnr. 221511, 21.246 m<sup>2</sup>. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.

**Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.**

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.17:50

Guðjón Loftsson (sign.),  
Víglundur Gunnþórsson (sign.),  
Björn Ingi Þorgrímsson (sign.),  
Pétur Arnarsson slökkviliðsstjóri ( sign),

Erla B. Kristinsdóttir (sign.),  
Sigurbjartur Halldórsson (sign),  
Anna María Elíasdóttir( sign),